

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vopnafjarðarhreppur Búðaröxl



Dags eftirlits	24.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hamrahlíð 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þráinn Hjálmarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Eyjólfur Sigurðsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirlitinu vegna niðurrifs og pressunnar bílhraja sem er framkvæmt á urðunarstaðnum án starfsleyfis.

Einnig hefur rekstraraðili ekki framkvæmt úrbætur í samræmi við samþykka úrbótaáætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsferð í á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps að Búðaröxl þann 24. ágúst 2022. Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Kvartanir
3. Stjórnvaldssektir
4. Gangsetning og stöðvun rekstrar
5. Umfang starfseminnar (1.2)
6. Ábyrgðatrygging (2.11)
7. Útstreymisbókhald (5.5)
8. Áhættumat
9. Önnur mál
10. Skoðunarferð

1. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun dagsett 19. apríl 2021. Í eftirlitinu kom fram að tveimur frávikum er enn ólokið. Útistandandi eru: gr. 1.2 í starfsleyfi, einn olúgeymir er enn á svæðinu og talsvert meira rúmmál af brotamálmi er geymt á svæðinu en það sem rúmast í einum gámi. Gr. 3.2 í starfsleyfi, vatn safnast í úrganginn þar sem hann að vissu marki er urðaður neðan grunnvatnsyfirborðs.

2. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar til rekstraraðila eða Umhverfisstofnunar frá síðasta eftirliti.

3-4. Upplýsingablað um gangsetningu og stöðvun rekstrar ásamt upplýsingablaði um stjórnvaldssektir voru afhent rekstraraðila í eftirlitinu.

5. Starfsemin hefur heimild til að urða 1.000 tonn af úrgangi á ári. Árið 2021 voru urðuð 726 tonn af úrgangi sem er innan heimildar í starfsleyfinu.

6. Ábyrgðatrygging fyrir mengun hafs og stranda er til staðar.

7. Rekstraraðili hefur hingað til ekki skilað útstreymisbókhald saman ber gr. 5.5 í starfsleyfinu. Magn urðaðs úrgangs er hins vegar undir magnkröfunum í reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald og því ekki skylda að skila útstreymisbókhaldi.

8. Farið var yfir áhættumatið sem liggur til grundvallar eftirlitstíðni stofnunarinnar.

9. Önnur mál sem rætt var um í eftirlitinu er að bílhrae sem koma á svæðið eru tæmd af olú og pressuð


saman áður en þau eru sett í brotajárnsgám. Kæligas er ekki tæmt af bílunum heldur leyft að sleppa út í andrúmsloftið. Niðurrif bíla er starfsleyfissskylt til heilbrigðiseftirlitsins saman ber tl. 74 í IV. viðauka lögum nr. 7/98 um hollustuhætti og mengunarvarnir, en slíkt leyfi er ekki til staðar.

10. Gengið var um urðunarsvæðið. Mikið vatn var í gryfjunum og mikið magn brotamálms og bíla er geymt á urðunarsvæðinu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	Allur atvinnurekstur , sbr. viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi. Niðurrif bíla er starfsleyfissskylt hjá heilbrigðiseftirliti sbr. tl. 74 í viðauka IV.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.11.2022



Kristín Kröyer

